

**Sp. 199. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]**

um jarðhitarannsóknir, jarðhitaleit og hagnýtingu jarðhita á Norðurlandi vestra.

Flm.: Einar Ingimundarson, Skúli Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Björn Pálsson, Ólafur Jóhannesson, Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, svo fljótt sem auðið er, framkvæma á vegum jarðhitasjóðs rannsókn á þeim jarðhitasvæðum, sem vitað er um á Norðurlandi vestra og ekki hafa enn verið rannsökuð og nýtt.

Einnig verði framkvæmd í þessum landshluta leit að jarðhita á þeim stöðum, þar sem ætla má, að jarðhiti finnist og mögulegt sé að nýta hann.

Þá verði og að loknum þessum athugunum gerðar áætlanir um hagnýtingu jarðhitans á hverjum stað.

**Greinargerð.**

Á Norðurlandi vestra, allt frá mynni Eyjafjarðar til Hrótafjarðar, er víða að finna heitar uppsprettur ofanjarðar.

Margt bendir og til þess, að á þessu svæði leynist víða heitt vatn í jörðu, þótt lítt eða ekki verði þess vart á yfirborði jarðar.

Á nokkrum stöðum á þessu svæði hefur yfirborðsjarðhiti verið nokkuð hagnýttur til upphitunar íbúðarhúsa, rekstrar gróðurhúsa o. fl. Annar kaupstaðurinn á Norðurlandi vestra, Sauðárkrókur, lét fyrir allmörgum árum hefja boranir eftir heitu vatni í nágrenni kaupstaðarins, og hefur það vatn, sem þannig hefur fengist, jafnóðum verið virkjað til hitunar íbúðarhúsa í kaupstaðnum.

Þegar á heildina er litið, hafa þó ekki enn farið fram rækilegar rannsóknir á jarðhitasvæðunum í þessum landshluta né áætlanir gerðar um hagnýtingu hans, nema á einstaka stað. — Er það í því skyni að fá úr þessu bætt, að tillaga þessi er flutt.

Sérstaklega telja flutningsmenn ástæðu til, að kannað verði frekar en orðið er jarðhitasvæðið í Reykjarhóli í Seyluhreppi (Varmahlíð) og gerðar áætlanir um frekari virkjun heita vatnsins á þessum stað, þar sem líklegt má telja, að þar finnist meira heitt vatn í jörðu en þegar er vitað um, og mun þess þörf, að það verði aukið, ef unnt er og virkjað vegna fyrirhugaðra bygginga á staðnum.

Þá vekja flutningsmenn athygli á því mikla magni af heitu vatni, sem fyrir hendi er á Reykjum í Tungusveit, og telja ástæðu til að kanna sérstaklega, með hvaða hætti þessar ríkulegu auðlindir verði frekar hagnýttar.

Enn fremur telja flutningsmenn ástæðu til að rannsaka frekar en gert hefur verið jarðhitasvæðið á Reykjum í Miðfirði og möguleika á virkjun heita vatnsins þar vegna hugmyndar um að reisa barnaskólahús þar fyrir nálæga hreppa í V.--Húnavatnssýslu.

Þess skal getið, að á síðasta Alþingi var samþykkt tillaga til þingsályktunar, þar sem ríkisstjórninni var falið að láta framkvæma á síðastliðnu sumri ýtarlegar rannsóknir á Skútudalssvæðinu í Siglufirði með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðgerðum, með það fyrir augum, að úr því fengist skorið, hvort líkur bentu til, að þar væri að vænta árangurs með borun eftir heitu vatni til hitaveitu fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Greinargerð þessari láta flutningsmenn fylgja skrá, sem jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar hefur góðfúslega látið þeim í té um jarðhitasvæði í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og í Siglufirði.

### Fylgiskjal.

#### RAFORKUMÁLASTJÓRI

Jarðhitadeild.

5. des. 1962.

#### JARÐHITASTAÐIR Í HÚNAVATNS- OG SKAGAFJARÐARSÝSLUM OG SIGLUFIRÐI

##### HÚNAVATNSSÝSLA

###### Staðarhreppur.

	Hiti °C	Vatnsmagn lítrar/sek.
Reykir, Hrútafj. ....	97	4—5
Tannstaðabakki .....	24	

###### Kirkjuhvammshreppur.

Skarð .....	74	ca. 10
-------------	----	--------

###### Torfalækjarhreppur.

Sauðanes .....	23.5	0.05
Reykir (við Reykjabraut) .....	72	1.1

###### Ytri-Torfustaðahreppur.

Reykir í Miðfirði .....	88	0.64
-------------------------	----	------

##### SKAGAFJARÐARSÝSLA

###### Akrahreppur.

Egilsá .....	26	0.26
Litlidalur .....	15	
Miðsitja .....	18	0.25
Stekkjjarflatir .....	36	5
Víðivellir .....	27	ca. 0.75

###### Haganeshreppur.

Akrar .....	60	0.15
Barð .....	65	1.25
Dæli .....	64.5	0.1
Laugarland .....	52	0.75
Reykjahóll .....	73	
Stóru-Reykir .....	55.4	1.0

	Hiti °C	Vatnsmagn lítrar/sek.
<b>Hólahreppur.</b>		
Kálfsstaðir .....	9 (ölkelda)	
Reykir (í Hjaltadal) .....	52.4	1—2
<b>Holtshreppur.</b>		
Gil .....	61.5	0.8
Hólakotslaug .....	48.2	0.6
Hólavellir .....	36.4	
Lambanes—Reykir .....	51.6	0.5
Reykjahóll .....	61.4	0.75
Stóra-Brekka .....	23.4	0.75
<b>Lýtingsstaðahreppur.</b>		
Bakkakot (Byrgisskarð) .....	66	10
Breið .....	24	0.1
Daufá .....	40	
Goðdalir (Hverhólar) .....	65	ca. 10
Hafgrímsstaðir .....	48.8	4
Hvíteyrar .....	18	
Hofsvellir .....	74	0.5
Krythóll .....	42	1
Laugarból .....	60	
Laugardalur .....	44	0.2
Litlahlíð .....	20	0.2
Merkigarður .....	21.8	
Mælifell .....	24	0.5
Reykir .....	67	ca. 32
Reykjanes við Reykjafoss (Svartá) .....	69	0.7
Reykjavellir .....	47	0.5
Saurbær .....	48.6	5
Skiðastaðir .....	68	9
Starrastaðir .....	43.8	
Sveinsstaðir .....	23	
Tunguháls .....	35	1—2
Vindheimar .....	58.5	1
Ytri-Mælifellsá .....	31	0.1
Porsteinsstaðir .....	20	0.6
<b>Sauðárkrókur.</b>		
Borholur 1—5 .....	52	?
<b>Seyluhreppur.</b>		
Syðra-Vallholt .....	20	ca. 4
Varmahlíð .....	91	10
Ytra-Vallholt .....	47—50	1
<b>Skarðshreppur.</b>		
Reykir á Reykjaströnd .....	62.4	1
<b>Staðarhreppur.</b>		
Varmaland .....	26	0.2
Siglufjörður .....	48	0.4